



# 2019

ársskýrsla



**Þekkingarsetur  
Vestmannaeyja**  
RANNSÓKNIR · MENNTUN · NÝSKÖPUN

# Efnisyfirlit

|                                             |    |
|---------------------------------------------|----|
| Skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 3  |
| Skýrsla stjórnar .....                      | 3  |
| Skýrsla framkvæmdastjóra .....              | 6  |
| Starfsfólk, stjórn og skipulag .....        | 8  |
| Stjórn .....                                | 8  |
| Starfsmenn .....                            | 8  |
| Skipurit .....                              | 9  |
| Starfsemin 2019-2020 .....                  | 10 |
| Lokaorð .....                               | 19 |

# Skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra

## Skýrsla stjórnar

### Breytt starfsumhverfi kallar á nýjar áherslur

Árið 2019 var viðburðaríkt í starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja og ekki síður sá tími sem liðinn er af árinu 2020. Nú er komin rúmlega tveggja ára reynsla á flutning ÞSV og samstarfsaðila í nýtt og glæsilegt 1000 fermetra húsnæði á 2. hæð að Ægisgötu 2 sem ÞSV leigir af Vestmannaeyjabæ til 25 ára og framleigir síðan til 15 samstarfsaðila. Reynslan af nýja húsnæðinu er mjög góð og hefur leitt til nánara samstarfs og meiri sýnileika.

**Um sama leiti og aðalfundur ÞSV fór fram í lok apríl 2019 flutti starfsemi fiskasafns Sæheima af Heiðarvegi í nýtt og stærra húsnæði hér á jarðhæð Ægisgötu 2 og SEA-LIFE sem er í eigu alþjóðafyrirtækisins Merlin sem tók við rekstrinum.** Beluga fyrirtæki í eigu Merlin kostaði allar framkvæmdir á jarðhæðinni auk byggingu hvalasundlaugar við hlið hússins og uppsetningu flotkvíar í Klettsvík skv. samningi við Vestmannaeyjabæ. Skömmu eftir opnum safnsins komu tveir mjaldrar frá Shanghai í Kína til Eyja og í nýju sundlaugina og verður þeim komið fyrir í flotkvínni í Klettsvík á næstinni til sumardvalar og rúmlega það.

**Stjórn ÞSV samþykkti fyrir ársfund 2019 að fela Sveini Margeirssyni, verkfræðingi og ráðgjafa að gera SVÓT greiningu á starfsemi ÞSV og framtíðarsýn. Niðurstaðan var kynnt stjórn og hagaðilum ÞSV 18. sept. 2019.** Úttektin tók við að breyttum aðstæðum í starfsemi ÞSV – þar sem ný verkefni koma og önnur fara. Stjórn ÞSV og framkvæmdastjóri hafa unnið að því að fylgja úttektinni eftir því sem aðstæður leyfa.

**Fundur ÞSV um atvinnumál og nýsköpun** þar sem ákveðnir markhópar eru boðaðir á hverju sinni hafa haldið áfram undir styrkri stjórn Hrafns Sævaldssonar, ráðgjafa ÞSV í atvinnu- og markaðsmálum, en helstu verkefni hans eru ráðgjafastörf fyrir SASS. Áhrif COVID19 hafa leitt til þess að þessir vel sóttu fundir að Ægisgötu 2 hafa ekki farið fram síðan í byrjun mars sl., en verða teknir upp að nýju næsta haust.

**Þekkingarsetur Vm. tók efri hæðir Strandvegs 50 á leigu frá 1. október sl. til 12 mánaða og framleigir lungann af húsnæðinu til Lista- og menningarfélags Vestmannaeyja.** Þar er nú vinnuaðstaða fyrir fjölda listafólks í ýmsum greinum. Húsnæðið var í söluferli eftir að starfsemi ÞSV, Visku og samstarfsaðila flutti að Ægisgötu 2 árið 2018. Húsið er í eigu Vm.bæjar og Visku og nú hefur bærinn eignast alla jarðhæðina í skiptum á eignarhlut í efri hæðum við Visku. Þar er búið að opna ný félagsmiðstöð á jarðhæð fyrir unga fólkið. Þessi útvíkkun á starfsemi rýmar að nokkru við tillögur í Svót greiningu á starfsemi ÞSV haustið 2019.

Þegar búið var að færa starfsemi Sæheima til SEA-LIFE og í nýtt og mun stærra húsnæði sem var mjög jákvætt skref í þróun safnsins var ÞSV áfram með rekstur Sagnheima. **Það var ekki keppikefli ÞSV að halda úti rekstri á öðru safninu og samningur við Vm.bæ um rekstur Sagnheima sem hafði gildistíma til 31. des. 2019 var ekki endurnýjaður.** Vm.bær tók því á ný við rekstri Sagnheima – byggðasafns frá 1. janúar 2020. Í maí 2019 var komið upp sýningu í anddyri Ægisgötu 2 þar sem Farsæll – áraskip smíðað 1872 er til sýnis ásamt ljósmyndum og upplýsingum um áraskipið og lífið í Eyjum í upphafi 20. aldar

hér við Skipasand hinum eldri, uppsátri áraskipa. Síðar komu fiskhúsin – pallakrærnar og loks stórbyggingar Fiskiðjunnar sem byggðar voru í nokkrum áföngum upp úr 1952.

**Þekkingarsetrið tók að sér verkefni við mótun heilstæðrar atvinnustefnu fyrir Vestmannaeyjar fyrir á þessu ári. Hafa sérfræðingar ÞSV komið þar að verki ásamt starfshópi á vegum Vestmannaeyjabæjar.** Þess er vænst að hægt verði að ljúka verkefninu síðar á þessu ári, en vegna áhrifa COVID19 hefur verkið tafist nokkuð. Starfshópur um nýsköpun og frumkvöðlastarf á vegum Vestmannaeyjabæjar með áherslu á nýtingu og möguleika 3ju hæðar Ægisgötu 2 skilaði nýlega skýrslu til bæjarstjórnar. Fulltrúar Vm.bæjar og ÞSV hafa átt í viðræðum um úrvinnslu þessara tillagna og hvernig best verður að fara í framhaldið á næstu vikum og mánuðum. Það er ljóst að uppbygging 3ju hæðar að Ægisgötu 2 sem eru í eigu Vm.bæjar er mikið verk sem tekur sinn tíma. Aftur á móti er einnig mjög brýnt að koma skýrslu og tillögum starfshópsins í ákveðinn farveg og að því er nú unnið. Þar liggja hagsmunir Vm.bæjar og ÞSV algjörlega saman, enda hefur samnýting húsnæðis og þjónustu góð samlegðaráhrif. Þessi mál munu skýrast betur á næstu dögum og vikum.

**ÞSV fékk samþykktan fjárstuðning úr Uppbyggingasjóði SASS við forathugun á úthafseldi við Vestmannaeyjar 2020-2021 og fer þar með verkaefnastjórn.** Verkið sem átti að hefjast í þessum mánuði hefur tafist nokkuð m.a. af völdum COVID19 – en vonandi tekst að koma því vel af stað nú í sumar.

**Þá fékk ÞSV einnig samþykktu styrkveitingu við að framkvæma fýsileikagreiningu á notkun sívalninga við að beisla vindorku í Eyjum.** Sívalningar þola meiri vind og meiri sveiflur í vindhraða ásamt því að þeir valda ekki eins mikilli sjónmengun og hefðbundnar vindmyllur.

Í nokkurn tíma hafa stjórn og stjórnendur fjallað um þörfina á endurnýjun á Friðrik Jessyni Ve. 177 rannsóknabát ÞSV. Slöngubátur ÞSV var endurnýjaður í árslok 2018 og nýr og öflugur bátur keyptur sem nýtist m.a. við hvalarannsóknir umhverfis Eyjar og hefur einnig verið leigður í verkefni utan Eyja. Á fundi stjórnar ÞSV, 13. febrúar sl. var ákveðið að kanna til hlýtar möguleika á endurnýjun á rannsóknabát ÞSV. Framkvæmda- og hafnarráði Vm. var sent erindi með beiðni um fjárstuðning og jafnframt að gerður verði 10 ára samningur milli ÞSV og Vm.hafnar um noktun hafnarinnar á bátnum þar sem ekki komi til greiðsla vegna leigu ofl. Framkvæmda- og hafnaráð Vm. og síðar bæjarráð-bæjarstjórn samþykkti að styrkja verkefnið samtals 8 millj. kr. gegn 10 ára samningi um notkun.

**Þegar lá fyrir að hægt væri að ljúka fjármögnun kaupa á nýjum rannsóknabát var gert tilboð í öflugan bát Sæla BA- sem hentar ÞSV vel og var gengið frá kaupum í apríl sl.** Við fjölmenna athöfn á smábátabyggjunni 25. maí sl. var bátnum gefið nafnið Friðrik Jesson VE. 177 sama nafn og á eldri bátnum og sáu tvær dætur Friðriks Jessonar um að að svipta hulunni af nafninu. Viðar Stefánsson safnaðarprestur flutti blessunarorð við athöfnina.

**Kaupverð bátsins með nauðsynlegum endurbótum er rúmlega 26 millj. kr.** sem var greitt að hálfu við afhendingu og seinni hlutinn í janúar 2021. ÞSV á óafgreitt erindi hjá Nýsköpunar-ráðuneyti vegna bátakaupanna og er vænst jákvæðrar afgreiðslu síðar árinu.

Nýlega var lokið við að selja eldri rannsóknabát ÞSV og eldri slöngubát og fengust samtals 7 millj. kr. fyrir báða bátana. Það sem kanna að vanta upp á seinni hluta kaupverðs nýja bátsins 2021 verður

fjármagnað af eigin fé ÞSV. Georg Skæringsson starfsmaður ÞSV er skipstjóri á nýja rannsóknabátnum og hefur jafnframt eftirlit með eignum og húsnæði ÞSV.

**Síðar þessum fundi verður tekin til umræðu og afgreiðslu tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum ÞSV sem eru að stofni til frá 2008.** Einu sinni áður hefur verið gerð breyting á samþykktum ÞSV. Þetta eru ekki stórar breytingar og varða fyrst og fremst að virkja eldri ákvæði um Vísindaráð sem ekki komu til framkvæmda. Í staðinn komi Vísinda- og tækniráð skipað tíu einstaklingum af báðum kynjum er verði stjórn ÞSV til ráðgjafar á sérsviðum ÞSV um málefni er varða stefnumörkun, framkvæmd og leiðir í stefnu og starfsemi ÞSV. Ný stjórn ÞSV mun skipa í ráðið á fundi sínum að loknum aðalfundi ÞSV í dag.

Helstu verkefni stjórnar ÞSV auk ofanritaðs á þessu starfsári felast í gerð rekstraráætlunar, eftirliti með þróun tekna og útgjalda ÞSV og ýmsum málum sem tengjast starfsemi ÞSV. Framkvæmdaráð starfar allt árið og er í miklum samskiptum með framkvæmdastjóra.

**Páll Marvin Jónsson, frkvstj. sendi ÞSV erindi fyrir stjórnarfund 7. maí sl. þar sem hann óskaði eftir leyfi frá störfum sem framkvæmdastjóri frá 1. júní 2020- 31. mars 2021.** Stjórnin tók erindið fyrir og síðar átti framkvæmdaráð viðræður við hann og var málinu síðar lent. Páll Marvin mun fara í launalaust leyfi á grundvelli ákvæða í kjarasamningi FÍN til 10 mánaða frá 1. júní nk. en þá tekur við hjá honum áunnið orlof og að ljúka þeim verkefnum sem eru á vinnslustigi og þarf að ganga frá sem fyrst. Formaður og varaform., stjórnar hafa fundað nokkrum sinnum frá þessum tíma með Páli Marvin og öðru starfsfólki ÞSV til að breytingin gangi sem best fyrir sig. Stjórn ÞSV þarf síðan að gera ráðstafanir hvernig þessi tími verði best brúaður og mun það skýrast á næstunni.

Páll Marvin hefur verið framkvæmdastjóri ÞSV frá stofnun 23. janúar 2008. Frá ársbyrjun 1995 – 2007 var hann starfsmaður Háskóla Íslands í Eyjum og hóf störf frá nær sama tíma og flutt var inn í Strandveg 50 –Hvíta Húsið og stýrði Samstarfsnefnd HÍ og Vm.bæjar og síðar Rannókna- og fræðasetrinu þar til ÞSV var stofnað.

Við erum ekki að kveðja Pál Marvin hér í dag. Engu að síður eru þetta mikil tímamót eftir 25 ára samfelld starf hér í Eyjum. Sá sem hér stendur fh. stjórnar þakka fyrir mikil og góð samskipti og vonar að honum og fjölskyldu hans farnist vel á nýjum starfsvettvangi. Við vitum að við eigum Hauk í horni í honum Palla. Samkvæmt samningi við Pál Marvin mun hann láta stjórn ÞSV vita fyrir lok janúar 2021 ef hann kemur ekki á ný til starfa hjá ÞSV frá 1. apríl 2021.

Við lifum á tímum mikilla samfélagsbreytinga. Áhrif heimsfaraldurs COVID19 mun jafnvel flýta þeirri þróun. Sífellt aukin tæknivæðing og framþróun á öllum sviðum mun gjörbreyta atvinnulífi á næstu árum og áratugum.

Að endingu þakka ég stjórn og starfsfólki ÞSV fyrir gott samstarf og samskipti á liðnu starfsári og læt þessari skýrslu stjórnar hér með lokið.

**Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar**

## Skýrsla framkvæmdastjóra

Árið 2019 er fyrsta heila starfsár Þekkingarsetursins í nýjum húsakynnum á annarri hæð að Ægisgötu 2. Aðstaðan hefur reynst virkilega vel þó svo að truflanir og skemmdir vegna framkvæmda á hæðunum fyrir ofan og við hvala laugina svokölluðu hafi á tímum verið nokkuð til ama. Með Þekkingarsetrinu eru 16 fyrirtæki og stofnanir að nýta aðstöðuna með yfir 30 starfsmönnum auk nemenda. Aðstöðunni hefur jafnframt verið sýndur mikill áhugi af aðilum sem sjá tækifæri í að starfa í þessu umhverfi sem við höfum skapað hér með tilheyrandi þjónustu og er það klárlega merki um að vel hafi tekist til. Aðstaðan á annarri hæðinni er hins vegar fullnýtt sem er í sjálfu sér jákvætt þó svo að það sé miður að ekki sé hægt að taka fleiri aðila inn í aðstöðuna. Ef marka má nýlega skilagrein starfshóps Vestmannaeyjabæjar um framtíðarskipan 3ju hæðinnar hér að Ægisgötu 2/Fiskiðjuhússins þá er ljóst að sveitafélagið stefnir á enn frekari uppbyggingu í anda Þekkingarseturs Vestmannaeyja og er það ánægjulegt. Segja má að eftirspurninni eftir aðstöðu fyrir frumkvöðla og einyrkja hafi hins vegar að einhverju leyti verið svarað þegar við tókum á leigu gamla Þekkingarsetrið að Strandvegi 50 í þeim tilgangi að leigja áfram til Lista- og menningarfélags Vestmannaeyja. Samningar við Vestmannaeyjabæ og Visku eða eigendur húsnæðisins og síðan við Lista- og menningarfélagið voru undirritaðir þann 30. september með gildistíma til eins árs. Alls eru um 30 aðilar sem leiga aðstöðu fyrir ýmskonar listsköpun og hannyrðir og verður að segjast að þarna hafi tekist einkar vel til en með þessu fékkst líf í húsnæðið sem annars stóð tóm og til varð samstarfsvettvangur eða klasi aðila innan listsköpunar og skapandi greina.

Þann 19. júní 2019 komu mjaldrarnir, Litla Grá og Litla Hvít til Vestmannaeyja en líkt og kunnungt er átti Þekkingarsetrið stóran þátt í að Vestmannaeyjar og Klettsvíkin yrðu fyrir valinu sem griðarstaður fyrir mjaldrana tvo sem fjölmiðlar hér hafa gjarnan kallað systurnar. Undirbúningur við verkefnið hér í Eyjum hófst í raun árið 2015 þegar okkur barst fyrirspurn með tölvupósti um það hvort við Eyjamenn gætum tekið á móti og passað upp á tvo hvíthvali. Fjórum árum síðar komu hvalirnir, en verkefninu lauk samt ekki með komu hvalanna til Eyja, enn var og er verk fyrir höndum. Með komu mjaldranna til Eyja var aðeins fyrsta áfanga náð því enn á eftir að fara með hvalina úr steinsteyptri lauginni í víkina okkar fögru, Klettsvík. Það voru því gleðitíðindi þegar fyrr í mánuðinum kom tilkynning um að fara eigi með þær systur út í Klettsvík núna í júní.

Snemma í viðræðum við Merlin um þetta verkefni var gert samkomulag um að Vestmannaeyjabær myndi hætta með Sæheima og þess í stað myndu Sea-Life Trust byggja og reka fiskasafn og gestastofu fyrir mjaldrana. Þetta hafði það í för með sér að Þekkingarsetrið hætti rekstri Sæheima í mars 2019 og safnkosturinn, þ.e. lifandi hluti fiskasafnsins var fluttur í ný og glæsileg húsakynni á jarðhæðinni á Ægisgötu 2. Margrét Lilja Magnúsdóttir, safnstjóri ásamt öðrum starfsmönnum safnsins fluttust þá yfir til Sea-Life Trust. Margrét lét því af störfum hjá Þekkingarsetrinu eftir 9 ára gott starf sem safnstjóri Sæheima og 11 ára starf hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja.

Við misstum annan góðan starfsmann á síðasta ári en Helga Hallbergsdóttir safnstjóri Sagnheima lét af störfum sökum aldurs en hún tók við sem safnstjóri eftir að Sagnheimar voru endurgerðir og Þekkingarsetrið tók við rekstrinum árið 2011. Þær stóllur Helga og Margrét unnu báðar frábært starf og vil ég sem framkvæmdastjóri ítreka þakkar til þeirra frá stjórn og starfsfólki Þekkingarseturs Vestmannaeyja en þær voru kvaddar með virtum í athöfn þann 17. maí á síðasta ári samhliða því að



sexæringurinn Farsæll var afhjúpaður í andyrrinu hér á Ægisgötu 2. En það er gaman að segja frá því björgun Farsælls frá því að grotna niður á Skipasandi sem virtust ætla verða örlög bátsins var jú eitt síðasta verkefni Helgu Hallbergs áður en hún lét af störfum.

Ég gæti haldið lengi áfram en læt hér staðar numið, ætla t.d. ekkert að nefna veiruna hér á nafn og áhrif hennar á starfsemina nú í byrjun árs 2020. Frekari upplýsingar um starfsemina á síðasta starfsári má finna hér í ársskýrslunni og síðan á heimsíðu Setursins. Ég vil að lokum þakka stjórn og framkvæmdaráðinu fyrir gott samstarf á árinu og þá sérstaklega starfsfólki ÞSV og samstarfsfólki okkar hér hjá öðrum fyrirtækjum og stofnunum fyrir virkilega ánægjulegt samstarf á árinu.

*Páll Marvin Jónsson, framkvæmdastjóri*



# Starfsfólk, stjórn og skipulag

## Stjórn

Stjórn er skipuð sjö aðalmönnum og tveimur til vara. Framkvæmdastjórn er skipuð framkvæmdastjóra og formanni og varaformanni stjórnar.

- Formaður: *Arnar Sigurmundsson*, frkvstj., form. stjórnar Visku
- Varaform.: *Ívar Atlason*, svæðisstjóri HS-veitna
- *Brynhildur Davíðsdóttir*, prófessor á umhverfis- og auðlindasviði HÍ
- *Njáll Ragnarsson*, útibússtjóri Fiskistofu
- *Páll Guðmundsson*, frkvstj. Huginn
- *Sigurður Guðjónsson*, forstjóri Hafrannsóknastofnunar
- *Sæunn Stefánsdóttir*, forstm. Fræðasetra Háskóla Íslands  
Til Vara
- *Örvar Arnarson*, fjármálastjóri Ísfélags Vm. hf.
- *Guðný Óskarsdóttir*, Drifandi Stéttafélagi

Framkvæmdastjórn:

Arnar Sigurmundsson, Ívar Atlason og Páll Marvin Jónsson.

## Starfsmenn

- **Framkvæmdastjóri:** *Páll Marvin Jónsson*
- *Ester Garðarsdóttir*, skrifstofa og þjónustustjóri
- *Georg Skæringsson*, verk- og tæknistjóri
- *Haraldur Halldórsson*, sendill
- *Hrafn Sævaldsson*, nýsköpunar- og þjónustustjóri
- *Jónína Björk Hjörleifsdóttir*, ræstingar
- *Soffía Baldursdóttir*, þjónustufulltrúi

### Hættu á árinu 2019:

- *Helga Hallbergisdóttir/Hörður Baldvinsson*, safnstjórar Sagnheima
- *Margrét Lilja Magnúsdóttir*, safnstjóri Sæheima


Aðrir starfsmenn, verkefnatengdir og afleysingar

- *Vilborg Þorsteinsdóttir*, Sagnheimar
- *Gígja Óskarsdóttir*, Sæheimar
- *Örn Hilmisson*, Sæheimar
- *Evelyn C. Bryner*, Sæheimar
- *Björg Harðardóttir*, Sæheimar
- *Katja María Helgadóttir*, Sæheimar
- *Vignir Skæringsson*, Stoðsvið



## Skipurit

Starfsemi ÞSV hefur verið skipt niður á þrjú svið, Kjarnasvið, Stoðsvið og Safnasvið. Samningar ÞSV um rekstur safnanna runnu út á árinu 2019 og ekki endurnýjaðir, annarsvegar 30. apríl fyrir Sæheima og hinsvegar 31. desember fyrir Sagnheima. Skipurit ÞSV tekur því töluverðum breytingum á nýju ári þar sem Safnasviðið verður tekið út úr skipuritinu (sjá mynd 1).



**Mynd 1.** Hlutverk sviða og starfsmenn eftir breytingar á Skipuriti 2020.

# Starfsemin 2019-2020

## Stöðumat og framtíðarsýn

Í upphafi árs 2019 var Sveinn Margeirsson, fyrrum framkvæmdastjóri Matís ohf. og stjórnarmaður hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja en nú sjálfstæður ráðgjafi, ráðinn til að vinna stöðugreiningu á starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Sveinn hefur fyrir mikla þekkingu á fræða- og þekkingarsamfélaginu í landinu og frá stjórnarsetu sinni í Þekkingarsetri Vestmannaeyja hefur hann yfirgrípsmeiri og dýpri þekkingu á starfsemi ÞSV en ella. Greininguna byggði Sveinn einkum á samtölum við starfsfólk, stjórn og aðra hagaðila. Leitaðist hann jafnframt við að greina með hvaða hætti mögulegt væri að byggja upp og styrkja samstarf innan Vestmannaeyja sem og annarra þekkingarsetra á Íslandi. Í september kynnti Sveinn SVÓT greininguna og niðurstöður vinnunar sem stjórn hefur síðan nýtt sér eins og kostur er til þess að styrkja starfsemi Þekkingarsetursins. Helstu niðurstöður SVÓT greiningarinnar má sjá í samantekt frá Sveini sem sett er fram í mynd 2.

| Styrkleikar                                                                                                                       | Veikleikar                                                                                                   | Ógnanir                                                                                                                                  | Tækifæri                                                                                             |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| S                                                                                                                                 | V                                                                                                            | Ó                                                                                                                                        | T                                                                                                    |
| Mikil reynsla lykilstarfsfólks                                                                                                    | Staða þekkingarsetra úti um land er óviss.                                                                   | Breytingar á stjórn og óviss framtíðarsýn                                                                                                | Samstarf við Merlin um alþjóðleg rannsóknaverkefni                                                   |
| Örugg (í samanburði við margt annað) grunnfjármögnun af hálfu ríkisins                                                            | Fáir starfsmenn, með takmarkaða getu til að sækja fjármagn út fyrir grunnramma ÞSV                           | Andstaða "rannsóknna-elítu" við dreifingu fjármagns víða um land leiðir til frekari samþjöppunar á fjármagni og/eða samkeppni            | Nýta ímynd og sérstöðu Vestmannaeyja                                                                 |
| Vestmannaeyjar með sterka ímynd og tengingu við nýtingu auðlinda sjávar                                                           | Óviss staða ýmissa samstarfsaðila (m.a. Hafró, Matís) varðandi fjármögnun til lengri tíma                    | Óvíst hver stefna Merlin er varðandi rannsóknir                                                                                          | Skapa aðdráttarafl fyrir utanaðkomandi (þ.m.t. erlenda) sérfræðinga                                  |
| Innkoma Merlin og alþjóðleg tengsl sem henni fylgja                                                                               | Ekki skýrt hvaða hlutverki Háskóli Íslands vill gegna innan ÞSV                                              | Óvíst hvort forsvarsmenn fyrirtækja í VM skilji og styðji tilgang ÞSV                                                                    | Leiða og kynna starfsemi þekkingarsetra um allt land. Tengja við alþjóðlega samst. aðila             |
| Öflugir, nútímalegir innviðir fyrir hendi. Starfsumhverfi innan ÞSV gott                                                          | Rannsóknabúnaður er takmarkaður og fjármagn til fjárfestinga sömuleiðis                                      | Óvissar framtíðarhorfur náms í samstarfi við HR/HA                                                                                       | Aukin áhersla á umhvirfistengdar rannsóknir tengdar hafinu                                           |
| Saga sjávarútvegs er samofin Vestmannaeyjum.                                                                                      | Ekki ljóst hvað skilur ÞSV frá öðrum þekkingarsetrum víða um land (annað en staðsetning). Hver er sérstaðan? | Ef Matís endurræður ekki starfsmann í bráð er hættu á broti í starfseminni                                                               | Nýjar hugmyndir og tengsl sem fylgja nýjum stjórnarmönnum ÞSV. Útvíkkun netverks ÞSV                 |
| Samlegð fyrirtækja og stofnana sem eru hluti af samfélagi ÞSV                                                                     |                                                                                                              | Tenging Sæheima veikari en áður                                                                                                          | Setja upp virkt vísindaráð, líkt og gert er ráð fyrir í samþykktum                                   |
| Umhverfi Vestmannaeyja - hreini sjórinn sem kemur úr borholum, sem má setja í 1600þús lítra tank og bjóða upp á ýmskonar þjónustu |                                                                                                              | Ákveðið áhyggjuefni að tenging við ferðaþjónustu muni veikjast. Þarf að gæta þess að sé f. hendi lifandi samstarf við upplýsingamiðstöð. | Gera starfsemina og forystuhlutverk ÞSV sýnilegri innan VM og kynna fyrir heima- og stjórnmálamönnum |


**Mynd 2.** SVÓT- greining helstu niðurstöður. Heimild: Sveinn Margeirsson, 2019<sup>1</sup>

Þó svo að COVID-19 faraldurinn hafi haft töluverð áhrif á starfsemi ÞSV undanfarna mánuði þá hefur þegar verið ráðist í aðgerðir sem taka mið af greiningunni en ljóst er að greiningin mun áfram nýtast vel til frekari stefnumótunar á starfsemi Þekkingarsetursins.

<sup>1</sup>Sveinn Margeirsson 2019, *Þekkingarsetur Vestmannaeyja, greining á stöðu og möguleikum*. Skýrsla unnin fyrir Þekkingarsetur Vestmannaeyja.

## Atvinnuráðgjöf og Sóknaráætlun Suðurlands

Þjónustusamningur ÞSV við SASS snýr m.a. um ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga sem hafa hug á að sækja um styrki til Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður sem úthlutar styrkjum til annarsvegar til atvinnu- og nýsköpunarverkefna og hinsvegar til menningarverkefna. Úthlutanir eru tvisvar á ári, einu sinni að vori og einu sinni að hausti. Alls voru 36,5 milljónum úthlutað haustið 2019 og 50 milljónum vorið 2019. Alls fengu 79 verkefni styrki í haustúthlutun og 74 í vorúthlutun (mynd 3). Verkefni frá Vestmannaeyjum voru 15 og af þeim voru aðeins fjögur verkefni í flokknum atvinnu- og nýsköpun og 11 verkefni sem töldust til menningarverkefna. Heildar úthlutun til Eyja var 5,9 milljónir eða 6,1% af heildar úthlutun sjóðsins árið 2019.



**Mynd 3.** Haust og vorúthlutun Uppbyggingarsjóðs 2019.

### Áhersluverkefni Sóknaráætlunar

Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur komið að vinnu við fjölmörg áhersluverkefni fyrir Sóknaráætlun Suðurlands á árinu 2019. Áhersluverkefni eru í raun þróunarverkefni sem unnin eru af starfsmönnum og ráðgjöfum SASS eða öðrum einstaklingum eða stofnunum sem er þá samið við um að vinna verkefnin. Áhersluverkefnin eru yfirleitt stærri verkefni sem rýma við áherslur og markmið Sóknaráætlunar.

### Úthafsfiskeldi við Vestmannaeyjar.

Snemma árs 2019 sendi Þekkingarsetur Vestmannaeyja inn hugmynd að áhersluverkefni fyrir Sóknaráætlun Suðurlands. Markmið verkefnisins er að afla upplýsinga um stöðu og horfur úthafsfiskeldis, hvaða upplýsingar þurfa að liggja til grundvallar svo hægt sé að hefja úthafsfiskeldi við Vestmannaeyjar, hverjir þurfa að koma að slíkri vinnu og hversu mikið sú vinna gæti kostað. Verkefnið

var samþykkt nú í byrjun árs 2020 og fékk úthlutuðum 10 milljóna krónu styrk. Hrafn Sævaldsson hefur stýrt vinnunni við gerð umsóknarinnar og mun stýra verkefninu í framhaldinu.

### **Friðrik Jesson endurnýjaður**

Árið 2012 tók ÞSV við rekstri og umsjón rannsóknabátsins Friðrik Jesson en hann er Gáskabátur 1000 (árg. 1989) og var áður í eigu Hafrannsóknastofnunar og staðsettur hér í Eyjum. Friðrik Jesson hefur nýst vel í fjölmörgum verkefnum á vegum Þekkingarsetursins en báturinn var farinn að láta á sjá og stærð og ganghraði takmarkandi fyrir stærri rannsóknarverkefni. Það var því ráðist í þá vinnu að finna hentugri bát og leita leiða til fjármögnunar. Í apríl var bátur fundinn sem hentar starfseminni vel og náðist samkomulag um kaupverð sem var 25 milljónir. Um er að ræða Cleopötru 38, árgerð 2006. Sent var inn erindi til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um aðstoð við að fjármagna kaup á bátnum sem hluta af aðgerðum ríkisstjórnarinnar um að efla aðstöðu til rannsókna- og nýsköpunar á landsbyggðinni. Ráðuneytið hefur tekið vel í hugmyndina en erindið bíður þó enn eftir endanlegri staðfestingu við gerð fjárlaga 2021. Gert var samkomulag við Vestmannaeyjahöfn um aðstoð við fjármögnun á formi styrkjar og aðstoð við rekstur bátsins gegn því að höfnin hafi afnot af bátnum í verkefni hafnarinnar. Vestmannaeyjahöfn mun leggja til verkefnisins alls 8 milljónir sem greiðast út í tvennu lagi, leggja til brennslu olíu og stæði í höfninni. Gamli Friðrik Jesson var seldur í kjölfarið ásam eldri slöngubátum, Gunnjóni, sem hafði orðið fyrir nokkru tjóni árið 2018. Alls fengust kr. 7 milljónir fyrir söluna á bátunum báðum.

Þann 25. maí fékk nýji rannsóknarbáturinn nafn en hann var skírður Friðrik Jesson, líkt og gamli báturinn við hátíðlega athöfn og blessunarorð Viðars Stefánssonar safnaðarprests.



**Mynd 4.** Nýji rannsóknarbáturinn ásamt fyrrverandi eiganda og Georgi Skæringssyni.






### Atvinnustefna Vestmannaeyjabæjar

Í september 2019 óskaði Vestmannaeyjabær eftir því við Þekkingarsetur Vestmannaeyja að móta tillögur að fyrirkomulagi við gerð atvinnustefnu sem ÞSV gekkst við. Í kjölfarið samþykkti bæjarstjórn tillögu ÞSV að vinnutilhögun og skipaði í framhaldi starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna með Þekkingarsetrinu að gerð atvinnustefnunnar. Verkefninu er skipt í tvo hluta, annarsvegar greiningu á stöðu atvinnulífs í Vestmannaeyjum og hinsvegar sjálf stefnumótunarvinnan.

COVID-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á framvindu verkefnisins þar sem ekki hefur enn fengist tími til að klára greiningarvinnuna. Enn er þó stefnt að því að klára vinnuna á árinu 2020.



## Fræðsla og samtal við atvinnulífið

Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur allt frá stofnun þess staðið reglulega fyrir opnum erindum sem ýmist eru ætluð almenningi sem almenn fræðsla eða að þau eru hugsuð til að styðja við atvinnulífið í Eyjum og þá sérstaklega fyrir sjávarútveg og ferðaþjónustuna. Þekkingarsetrið hóf síðan erindaröð um sjávarútveg í febrúar 2018, en þá hafði starfsemi nýverið flutt í núverandi húsnæði að Ægisgötu 2. Lögð var sérstök áhersla á að bjóða aðilum sem vinna í að tengjast sjávarútveginum beint.



## Erindaröð um sjávarútveg


Á þeim tveimur árum sem liðin eru hafa verið haldin 18 áhugaverð erindi. Síðasta erindi sem haldið var flutt í febrúar á þessu ári. Fyrirhugað var erindi seinni hluta mars en sökum Covid var það felld niður. Ekki hafa verið haldin erindi eftir það. Stefnt er á að næsta erindi muni fara fram að loknu sumri og þá í september.

Erindin fara fram alla mánuði ársins að sumarmánuðum undanskildum. Einungis einu sinni hefur þurft að fella niður erindi og var það gert vegna skyndilegra veikinda þess sem halda átti erindið.

Gríðarlega góð þátttaka hefur verið á erindunum 18. Heildarfjöldi gesta er kominn á sjöunda hundraðið. Mest hafa 60 manns mætt en fæst um 20. Meðaltalið er 35 manns. Til viðbótar við erindin átján þá höfum við komið að fleiri haf- og sjávarútvegstengdum erindum sem haldin hafa verið í Setrinu. Allt tengist þetta.

Við erum að bjóða um 130 manns á þessa viðburði. Þarna gefst frábært tækifæri til að tala beint við sjávarútvegin í Eyjum og fá fólkið í atvinnulífinu til að koma í Setrið.

Þetta eru lokuð erindi þar sem við höfum takmarkað pláss og fjármuni í þetta. Það geta allir hinsvegar haft aðgang að því sem þarna fer fram heimasíðu okkar eftir erindin.






Við opnum húsið kl. 11:45. Fólk hefur verið að mæta þá og átt gott spjall fram að erindi (sem er hluti af markmiðinu). Við bjóðum að jafnaði upp á léttan hádegisverð sem fólk getur gætt sér á fyrir erindið og meðan á því stendur. Oft hafa fyrirtækin sem halda erindin boðið upp á veitingar og við séð um að koma því í kring. Þátttaka fyrirtækja í veitingum hefur létt okkur róðurinn og höfum við verið mjög þakklát fyrir það.

Erindið sjálft stendur yfir frá kl. 12 – 13. Það er stoppað stundvíslega kl. 13:00 svo fólk komist í vinnu. Þetta er óformlegt og fyrst og fremst hugsað til að hrista fólk saman og fræðast um eitthvað áhugavert sem er að gerast í sjávarútveginum. Erindið sjálft er kannski +/- 40 mín. svo eru alltaf spurningar til viðbótar sem tekur tíma að svara. Það er auðvitað hægt að spjalla á óformlegum nótum eftir fundinn. Margir hafa nýtt sér það til að ræða málín nánar og efla tengslin. Boð á erindin eru send út í tíma og svo aftur áminning að morgni erindisdags til að tryggja þátttöku. Tilkynning er send út eftir erindin með frétt með myndum, glærum og myndupptöku af erindinu.

Fjölmíðlar í Eyjum og Fiskifréttir hafa fengið boð og því sjá þeir þetta. Þeir hafa unnið umfjallanir upp úr þessum erindum, allt upp í opnur. Einnig höfum við fengið umfjöllun í öðrum landsmiðlum. Það hefur hjálpað til við að vekja athygli á því sem verið er að gera.

Útkoman verið mjög jákvæð fyrir alla hluteigandi og mikill áhugi fyrir þessu. Við reynum að vera á léttum nótum, hvetja fólk að horfa til framtíðar og hvað sé hægt að gera til að efla sjávarútveg og tengdan iðnað í Eyjum. Þetta er mjög óformlegt og við höfum boðið fólki að spyrja meðan á erindi stendur og þannig leyft fólki að taka þátt og tengja betur – fólk hikar ekki við að spyrja. Mikið er lagt upp úr því að spurningar séu hnitmiðaðar og málefnalegar. Erindin verða líka líflegri og skemmtilegri með þátttöku gesta.



Við höfum fengið fyrirtæki úr Eyjum til að segja frá því sem þau eru að gera, aðila ofan af landi og aðila með starfsemi erlendis. Eyjamenn sem eru í sjávarútvegi hafa verið duglegir að koma til að segja sína sögu og koma með eitthvað nýtt og skemmtilegt að borðinu. Þetta hefur skilað viðskiptum, skapað verkefni, búið til sambönd og er mjög jákvætt á allan hátt. Nú þegar er hafin undirbúningur að erindum sem fram munu fara haustið 2020 og hefur skapast eftirspurn að fá að halda erindi.

*Hrafn Sævaldsson, Nýsköpunar- og þróunarstjóri*



### ***Lista- og menningarfélag Vestmannaeyja***

Í kringum síðustu bæjastjórnakosningar kviknaði sú hugmynd að listamenn myndu reyna að bæta aðstöðu sína, sem var engin fyrir. Fékk undirrituð tvær konur, Laufey Konný Guðjónsdóttur og Jónínu Björk Hjörleifsdóttur, með sér í að kynna þessa hugmynd. Markmiðið var að sameina alla list undir eitt og sama þakið. Vel var tekið í hugmyndina og verkefnið sett af stað, en vandræði voru með að finna hentugt húsnæði. Fyrst fékk félagið úthlutað efri hæðina í Miðstöðinni frá Vestmannaeyjabæ en síðar kom í ljós að það húsnæði hentaði ekki, vegna leka, loftun og birtu. Verkefnið var við það að deyja út þegar Páll Marvin hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja kom með þá hugmynd að við leigðum hluta af húsnæði að Strandvegi 50, eða Hvíta húsið.

Þetta setti nýtt líf í félagið aftur og 1. október 2019 fengum við húsið afhent, fyrst báðum við um hluta af 3.hæðinni en fljótlega varð ljóst að töluvert meiri eftirspurn var eftir vinnustofum fyrir listafólk í Vestmannaeyjum. Í dag leigja 30 manns vinnustofur hjá félaginu, sumir sér rými en aðrir sameiginleg rými. Við erum 49 manns í félaginu og erum komin með biðlista eftir aðstöðu.

Fljótlega varð mikið líf í húsinu og við sáum fram á 3 sýningar og námskeið fyrir Grunnskólanemendur en námskeiðunum og einni sýningunni þurfti að fresta vegna Covid-19. En sýningin sem á að vera á sjómannadaginn, Sjávarúrvegur fyrr og nú verður haldin og önnur um Goslok. Þriðja sýningin verður síðan í byrjun september, sú sýning er um samspil manns og lunda.

Með þessu húsnæði gat Lista- og menningarfélag Vestmannaeyja hafið starfsemi sína sem er mjög fjölbreytileg. Þar fer fram myndlist, dúkrista, grafík, hönnun úr leðri, roði, ull, endurunnið úr ýmsum efnum, glerlist, mósaik, saumaðar myndir, fatahönnun og margt fleira.

Sameignlegt rými er nú leigt á móti Visku og hefur eitt námskeið verið haldið þar sem tókst mjög vel og sjáum við fram á að þau verði fleiri. Ef húsnæðið verður ekki selt.

*Jóhanna Lilja Eiríksdóttir, Lista- og menningarfélag Vestmannaeyja*





## ***Sagnheimar Byggðasafn***

Þann 15. maí s.l. tók Hörður Baldvinsson nýr safnstjóri við safninu þar sem Helga Hallbergsdóttir lét af störfum vegna aldurs.

### ***Sýningar, útgáfur, viðburðir***

Talsverðar breytingar voru gerðar á föstum sýningum safnsins á árinu og ætlunin er að reyna að skipta þeim örar út í framtíðinni. Sett var upp sérsýning í Pálsstofu um fimm Eyjamanna á Ólympíuleikana í Berlín. Jafnhliða sýningunni var sýnd stuttmynd um Berlín fyrr og nú og þar sýnt í fyrsta skipti svo vitað sé myndbrot sem fékkst hjá þýska sjónvarpinu, þar sem íslenskir þátttakendur sjást ganga inn á ólympíuleikvanginn fylktu liði með íslenska fánann. Hér til hægri má sjá hópmynd af hópnum sem fór á þessa Ólympíuleika og auk þess má sjá Eyjamanninn Friðrik Jesson standa á höndum á leið til Þýskalands.



Sagnheimar stóðu ásamt öðrum söfnum Safnahúss að 26 viðburðum á árinu af margvíslegu tagi, málþing, fræðsluerindi, sögustundir, ljósmyndasýninga, bókakynninga og margt fleira.

### ***Móttaka muna, skráning og varðveisla***

Árið 2019 voru skráðar 41 nýjar gjafir í aðfangaskrá safnsins og eru nokkrir munir á bak við sum númerin, s.s. gripir úr Týsheimilinu sem hafa verið að koma reglulega undanfarin ár. Auk þess komu allmargir gripir úr Íslandsbanka. Miklu Grettistaki hefur verið lyft í skráningu og umbúnaði gripa en betur má ef duga skal. Geymslur eru nú á tveimur stöðum, í kjallara Safnahúss og á lofti Miðstöðvar við Strandveg.

### ***Innra safnastarf***

Hert var á ferlum í skráningu muna og eftir tilmælum frá Safnaráði var gengið í það að lyfta upp gólfum í geymslu til að uppfylla kröfur frá Safnaráði. Auk þess voru settir upp hita og rakamælur til að fylgjast með lofti og raka sem hefur ekki verið til staðar mörg undanfarin ár.

Sagnheimar eru eitt 46 viðurkenndra safna Safnaráðs og lúta því ströngu eftirliti þeirra. Stór úttekt var gerð á sýningarsvæði og geymslum safnsins á árinu árið 2018 og í heildina komu Sagnheimar nokkuð vel út, tillögur um úrbætur náðu einkum til ljósamagns, raka- og hitastigs og síðan athugasemdir um aðbúnað sem nú þegar er unnið hefur verið í að lagfæra. Það má gera ráð fyrir því að úrbætur taki svolíttinn tíma og

hugmyndin er að koma geymslum safnsins í viðunandi horf og hófst sú vinna í desember og er vonast til að þeirri vinnu ljúki seint á næsta ári

Markmið Sagnheima er koma áfram að helstu menningarviðburðum samfélagsins, ýmist sjálfstætt eða í samvinnu við aðra. Fræðsla, rannsóknir og samstarf við skóla á öllum stigum og fræðimenn er mikilvægur þáttur starfsins. Áhersla er lögð á að setja upp minni sýningar tímabundið, fá farandsýningar lánaðar og að leita til gestafyrirlesara til að auka breidd í miðlun safnsins. Auk þess hefur verið hannaður nýr bæklingur fyrir safnið sem vonandi kemur úr prentun á vormánuðum sem vonandi dregur fleiri gesti inn á safnið.



Hörður Baldvinsson safnstjóri Sagnheima

## Lokaorð

Starfsárið 2019-2020 mun verða eftirminnilegt starfsár fyrir margar sakir en klárlega eru það áhrif COVID-19 veirunnar á allt starf í byrjun árs 2020 sem mun standa upp úr. Það er ekki langt í að fólk fari að tala um fyrir og eftir COVID-19 en það er jú sagt í þeirri trú um að þessum faraldri ljúki núna fljótlega og öll starfsemi komist í réttar skorður. Líklega munu áhrif faraldursins þó ávalt gæta að einhverju leyti. Sum þessi áhrif eru jákvæð og ýmsir sjá tækifæri í breyttu hegðunarmynstri vegna smithættu. Líkt og t.d. að fjarfundir eru orðnir mun sjálfsagðari og öll rafræn samskipti hvort sem það eru viðskipti, samningar milli fyrirtækja eða stjórnvalda, stjórnarfundir eða bara fundir milli vina verða mun stærri hluti af okkar daglega lífi. Í þessu felast bæði ógnanir en ekki síður tækifæri þar sem aðgengi að þjónustu, hvort sem hún er opinber eða þjónusta veitt af einkaaðila verður óháð staðsetningu.

Þessari þróun þarf þekkingarsetrið að fylgja eftir og horfa til þeirra tækifæra sem skapast hafa vegna COVID-19.

Vestmannaeyjum, 29. maí 2020

Páll Marvin Jónsson - Framkvæmdastjóri





# **pekkingarsetur** **Vestmannaeyja**

RAUNSGÖGUR • MENNTA • NÝSKÖPUN